



# Sjúkra- og slysatrygging

## Vátryggingarskilmálar nr. SJ10

### Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. SJ10.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga frammar ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga frammar frávikjanlegum lagaákvæðum.

### Efnisyfirlit:

#### A. Almennir skilmálar

1. Vátryggður
2. Vátryggingin gildir
3. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
4. Áhættubreyting
5. Útreikningur iðgjalds
6. Greiðsla iðgjalds
7. Endurgreiðsla iðgjalds
8. Aldurstakmörk
9. Fyrning

#### B. Slysatrygging

10. Hugtakið slys
11. Bótasvið
12. Vátryggingarfjárhæð
13. Ákvörðun bóta

#### C. Sjúkratrygging

14. Bótasvið
15. Vátryggingarfjárhæð
16. Ákvörðun bóta

#### A. Almennir skilmálar

Almennir skilmálar gilda um B og C kafla skilmála þessara.

##### 1. Vátryggður

Vátryggður er sá sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

##### 2. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir:

- 2.1 Á Íslandi.

- 2.2 Hvar sem er í heiminum í allt að sex mánuði talið frá brottfarardegi frá Íslandi, nema um annað sé samið.

### 3. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 3.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 3.2 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 3.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

### 4. Áhættubreyting

Breyti vátryggður um starfsvettvang skal hann tilkynna félaginu um það án ástæðulauss dráttar. Vanræksla á því getur leitt til þess að ábyrgð félagsins vegna hvers vátryggingaratburðar verði hlutfallslega lækkuð, sbr. 88. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

### 5. Útreikningur iðgjalds

- 5.1 Iðgjald vátryggingarinnar ákvarðast af starfi og aldri vátryggðs.
- 5.2 Iðgjald breytist við endurnýjun vátryggingarinnar í samræmi við aldur vátryggðs og breytingar á vísitölu neysluverðs.

### 6. Greiðsla iðgjalds

- 6.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.
- 6.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 96. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.



## 7. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli váttryggingarsamningur úr gildi áður en váttryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem váttryggður hefur greitt fyrir og váttryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef váttryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða dánarbætur eða bætur fyrir 100% varanlega læknisfræðilega örorku.

## 8. Aldurstakmörk

Váttryggingin fellur úr gildi þegar eitt ár er liðið frá fyrsta gjalddaga eftir að váttryggður náði 66 ára aldri, nema um annað sé samið.

## 9. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs þegar sá er kröfuna á fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem krafa hans er reist á. Krafa fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum eftir lok þess almanaksárs sem váttryggingaratburður varð.

## B. Slysáttrygging

### 10. Hugtakið slys

Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem váttryggður er og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans.

### 11. Bótasvið

Félagið greiðir:

11.1 Bætur vegna slyss er váttryggður verður fyrir ef það leiðir til:

11.1.1 Andláts.

11.1.2 Varanlegrar læknisfræðilegrar örorku.

11.1.3 Tímabundins missis starfsorku.

11.1.4 Tannbrots.

Bótapættir sem váttryggingin tekur til koma fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Tannbrot er eingöngu innifalið í váttryggingunni þegar örorkubætur eru tilgreindar sem bótapáttur.

11.2 Félagið greiðir kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við váttryggingaratburð þegar þeirra er aflað að beiðni félagsins.

Félagið greiðir ekki bætur vegna slysa sem verða:

11.3 Í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum, nema annað komi fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

11.4 Við að klífa fjall, í bjargsigi, hnefaleikum, hvers konar glímu- og bardagaíþróttum, akstursíþróttum, drekaflugi, svifflugi, fallhlífarstökki, froskköfun og teygjustökki, nema annað komi fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

11.5 Í flugi, nema váttryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda, nema annað komi fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

11.6 Í handalögmálum eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.

11.7 Af völdum ljósabaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema meðferðin sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss og gerð á viðurkenndri heilbrigðisstofnun.

11.8 Af völdum matar- eða drykkjareitrunar.

11.9 Af völdum eittraðra lofttegunda, nema eitrunin hafi orðið skyndilega og án vilja váttryggðs.

11.10 Af völdum sýkingar vegna skordýrabits eða stungu.

11.11 Beint eða óbeint vegna blindu, mikillar nær- eða fjarsýni, sjóndepru, heyrnardeyfðar, lömunar, bæklunar, geðveiki, flogaveiki, heilaáfalls, hjartaáfalls, sykursýki eða annarra alvarlegra sjúkdóma eða veiklunar.

11.12 Beint eða óbeint af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira, eða þegar afleiðingar slyss verða meiri vegna framangreindra atriða.

### 12. Váttryggingarfjárhæð

12.1 Hámarks váttryggingarfjárhæðir vegna dánarbóta, örorkubóta og dagpeninga koma fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

12.2 Váttryggingarfjárhæðir breytast í samræmi við vísitölu neysluverðs.



12.3 Bætur reiknast á grundvelli vátryggingarfjárhæða á slysdegi eins og hér segir:

12.3.1 Dánarbætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölunnar frá slysdegi til dánardags.

12.3.2 Örorkubætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölunnar frá slysdegi til uppgjörsdags. Vísitölubinding örorku varir þó aldrei lengur en í þrjú ár frá slysdegi.

12.3.3 Dagpeningar breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölunnar frá slysdegi meðan starfsorkumissir varir.

### 13. Ákvörðun bóta

#### 13.1 Dánarbætur

13.1.1 Látist vátryggður vegna afleiðinga slyss innan eins árs frá slysdegi greiðast dánarbætur að frádregnum bótum sem félagið kann að hafa greitt vátryggðum fyrir varanlega örorku vegna sama slyss.

13.1.2 Ef vátryggður deyr af völdum slyss þegar meira en ár er liðið frá slysdegi en áður en endanlegt örorkumat hefur farið fram greiðast örorkubætur samkvæmt bráðabirgðaörorkumati.

13.1.3 Dánarbætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök að andláti vátryggðs. Ef sjúkdómur, veiklun eða sjúklegt ástand vátryggðs eru meðorsakir dauða hans greiðast engar dánarbætur. Þetta gildir, hvort sem ástand þetta var til staðar þegar slysið varð eða skapaðist síðar, án þess þó að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi sem vátryggingin nær til.

13.1.4 Félagið á rétt á því að hinn látni verði krufinn til þess að leidd verði í ljós dánarorsök og annað sem máli gæti skipt um bótaábyrgð félagsins.

13.1.5 Dánarbætur greiðast maka vátryggðs. Sé maki ekki til staðar greiðast þær til erfingja samkvæmt lögum eða erfðaskrá. Ef dánarbætur eiga að greiðast öðrum þarf vátryggður að tilnefna hann sérstaklega með skriflegum hætti. Í slíkum tilvikum er rétthafinn skráður í vátryggingarskírteini eða endurnýjunar-kvittun.

13.2 Bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku

13.2.1 Valdi slyss vátryggðum varanlegri læknisfræðilegri örorku innan þriggja ára frá því slysið varð greiðast örorkubætur.

13.2.2 Örorkuna skal meta meta í hundradshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig sem eru í gildi þegar örorkumat fer fram. Við ákvörðun örorkunnar ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika né

þjóðfélagsstöðu. Slyss sem eingöngu valda lýti skal ekki meta til örorku. Ef líkur eru til, að ástand vátryggðs megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum ber að taka tillit til hugsanlegs bata, sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum. Vegna 100% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku greiðist öll vátryggingarfjárhæðin, en við minni örorku hlutfallslega. Örorkan getur aldrei talist meiri en 100%.

13.2.3 Ef missir útlíma, sjónar eða heyrnar er ekki alger bætist örorkan hlutfallslega. Ef útlímur eru algerlega ónothæfir telst það missir þeirra. Ef þeir eru að einhverju leyti nothæfir reiknast örorkan hlutfallslega.

13.2.4 Missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til bóta vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem áður var bæklað skal metið til örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið.

13.2.5 Örorkan skal að jafnaði metin einu ári eftir slysið, annars þegar lækniir telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós en þó ekki síðar en þremur árum eftir slysdag.

13.2.6 Leiði slyss til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku skulu félagið og vátryggður koma sér saman um einn hæfan matslækni til þess að meta afleiðingar slyssins.

#### 13.3 Bætur fyrir tímabundinn missi starfsorku

13.3.1 Valdi slyss vátryggðum tímabundnum missi starfsorku greiðir félagið dagpeninga. Dagpening-arnir greiðast í hlutfalli við starfsorkumissinn frá lokum biðtíma og svo lengi sem vátryggður er óvinnufær að mati lækni eða þar til örorkumat hefur farið fram. Dagpeningar greiðast þó ekki lengur en í þann hámarksbótatíma er kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun og ekki eftir að þrjú ár eru liðin frá slysdegi.

13.3.2 Með biðtíma er átt við það tímabil sem samkvæmt vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun á að líða frá slysdegi þar til dagpeningagreiðslur hefjast. Fyrir þetta tímabil eru ekki greiddir dagpeningar.

13.3.3 Félagið tekur ákvörðun um greiðslu dagpeninga á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.

13.3.4 Stafir starfsorkumissir slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar.

13.3.5 Bætur eru ekki greiddar samtímis fyrir starfsorkumissi af völdum slyss og sjúkdóms.



- 13.4 Bætur vegna tannbrots
- 13.4.1 Félagið greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem brotna eða laskast við slys.
- 13.4.2 Greiðsla félagsins takmarkast við 5% af váttryggingarfjárhæð örorku vegna hvers slyss og samanlagðar greiðslur vegna slysa á hverju váttryggingartímabili við 7,5% af sömu fjárhæð.
- 13.4.3 Félagði bætir þó ekki tennur sem brotna við vinnuslys, sbr. lög um almannatryggingar, eða tennur sem brotna þegar váttryggður matast.
- 13.5 Félaginu er heimilt að láta ráðgefandi lækni skoða váttryggðan.
- 13.6 Félaginu er heimilt að afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar váttryggðs að fengnu samþykki hans.

## C. Sjúkratrygging

### 14. Bótasvið

Félagið greiðir:

- 14.1 Bætur vegna sjúkdóms er váttryggður fær, ef hann leiðir til:
- 14.1.1 Varanlegrar læknisfræðilegrar örorku.
- 14.1.2 Tímabundins missis starfsorku.
- Bótaþættir sem váttryggingin tekur til koma fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 14.2. Félagið greiðir dagpeninga fyrir það tímabil sem váttryggður er í sóttkví á heimili eða sjúkrahúsi að fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda. Bætur greiðast á sama hátt og við sjúkdóm í slíkum tilfellum.
- 14.3 Félagið greiðir kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við váttryggingaratburð þegar þeirra er aflað að beiðni félagsins.
- Félagið greiðir ekki bætur vegna sjúkdóms:
- 14.4 Sem hafði sýnt einkenni áður en váttryggingin gekk í gildi, nema að félagið hafi vítað um sjúkdóminn við gildistökuna og veitt váttrygginguna þrátt fyrir það.
- 14.5 Af völdum ljósabaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema meðferðin sé að læknisráði vegna bótaskylds sjúkdóms og gerð á viðurkenndri heilbrigðisstofnun.

- 14.6 Af völdum matar- eða drykkjareitrunar.
- 14.7 Af völdum eitraðra lofttegunda, nema eitrunin hafi orðið skyndilega og án vilja váttryggðs.
- 14.8 Sem stafar af neyslu áfengis eða fíkniefna.
- 14.9 Af völdum sýkingar vegna skordýrabits eða stungu.
- 14.10 Sem beint eða óbeint orsakast af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira, eða þegar afleiðingar sjúkdóms verða meiri vegna framangreindra atriða.

Félagið greiðir ekki:

- 14.11 Bætur fyrir starfsorkumissi sem kona verður fyrir á meðgöngutíma, við fæðingu eða fósturlát, nema því aðeins að missir starfsorkunnar sé af völdum fylgikvilla. Í slíkum tilfellum er biðtími eigi skemmri en einn mánuður.

### 15. Váttryggingarfjárhæð

- 15.1 Hámarks váttryggingarfjárhæðir vegna örorkubóta og dagpeninga koma fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 15.2 Váttryggingarfjárhæðir breytast í samræmi við vísitölu neysliverðs.
- 15.3 Bætur reiknast á grundvelli váttryggingarfjárhæða við upphaf sjúkratímabils eins og hér segir:
- 15.3.1 Örorkubætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölunnar frá upphafi sjúkratímabils til uppgjörsdags. Vísitölubinding örorku varir þó aldrei lengur en í þrjú ár frá upphafi sjúkratímabils.
- 15.3.2 Dagpeningar breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölunnar frá upphafi sjúkratímabils meðan starfsorkumissir varir.

### 16. Ákvörðun bóta

- 16.1 Bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku
- 16.1.1 Valdi sjúkdómur váttryggðum varanlegri læknisfræðilegri örorku greiðast örorkubætur.
- 16.1.2 Lægri varanleg örorka en 25% bætist ekki. Við ákvörðun örorkunnar ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika né þjóðfélagsstöðu. Sjúkdóma sem eingöngu valda lýti skal ekki meta til örorku. Ef líkur eru til, að ástand váttryggðs megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum ber að taka tillit til hugsanlegs bata, sem slíkar aðgerðir kynnu að



hafa í för með sér. Vegna 100% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku greiðist öll vátryggingarfjárhæðin en við minni örorku hlutfallslega. Örorkan getur aldrei talist meiri en 100%.

16.1.3 Ef missir útlíma, sjónar eða heyrnar er ekki alger bætist örorkan hlutfallslega. Ef útlímur eru algerlega ónothæfir telst það missir þeirra. Ef þeir eru að einhverju leyti nothæfir reiknast örorkan hlutfallslega.

16.1.4 Missir eða bækluun á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir sjúkdómnum gefur ekki rétt til bóta vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Missir eða bækluun á útlím eða líffæri sem áður var bæklað skal metið til örorku með hliðsjón af bækluuninni fyrir sjúkdómnum.

16.1.5 Örorkan skal að jafnaði metin einu ári eftir upphaf bótaskylds sjúkratímabils og eigi síðar en þegar greiðslum dagpeninga lýkur, sbr. gr. 16.2 með hliðsjón af ástandi hins sjúka þá.

16.1.6 Leiði sjúkdómur til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku skulu félagið og vátryggður koma sér saman um einn hæfan matslækni til þess að meta afleiðingar sjúkdómsins.

16.2 Bætur fyrir tímabundinn missi starfsorku

16.2.1 Valdi sjúkdómur vátryggðum tímabundnum missi starfsorku er nemur 50% eða meira greiðir félagið dagpeninga. Dagpeningarnir greiðast í hlutfalli við starfsorkumissinn frá lokum biðtíma og svo lengi sem vátryggður er óvinnufær að mati læknis eða þar til örorkumat hefur farið fram. Dagpeningar greiðast þó ekki lengur en í þann hámarksbótatíma er kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun og ekki eftir að þrjú ár eru liðin frá upphafi sjúkratímabils.

16.2.2 Sjúkratímabil er það tímabil þegar stöðugur missi starfsorku er fyrir hendi af völdum sjúkdóms hvort sem einn sjúkdómur eða fleiri liggja til grundvallar missi starfsorkunnar.

16.2.3 Með biðtíma er átt við það tímabil sem samkvæmt vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun á að líða frá upphafi

sjúkratímabils þar til dagpeninga-greiðslur hefjast. Fyrir þetta tímabil eru ekki greiddir dagpeningar.

16.2.4 Félagið tekur ákvörðun um greiðslu dagpeninga á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.

16.2.5 Stafi starfsorkumissir vátryggðs að einhverju leyti af öðrum orsökum en sjúkdómnum lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar.

16.2.6 Bætur fyrir sama sjúkdóm eða sama sjúkdóms-tilfelli greiðast eigi lengur samanlagt en í þann tíma er kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Sama gildir um sjúkdóma sem læknisfræðileg tengsl eru á milli.

16.2.7 Þegar skemmra er á milli sjúkdómstílfella en nemur þeim hámarks bótatíma er fram kemur í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun eru sjúkratímabilin lögð saman og bætur ekki greiddar lengur en í framangreindan hámarkstíma.

16.2.8 Þegar nýtt sjúkratímabil hefst innan tólf mánaða frá því að síðasta sjúkratímabili lauk styttest biðtíminn um samanlagða lengd sjúkratímabila sem voru lengri en 7 dagar og féllu í heild eða að hluta innan þessara tólf mánaða. Fyrir hið nýja sjúkratímabil gildir þó minnst 7 daga biðtími sé missi starfsorku ekki augljóslega bein afleiðing af sama sjúkdómi og áður.

16.2.9 Bætur eru ekki greiddar samtímis fyrir starfsorkumissi af völdum slyss og sjúkdóms.

16.3 Félaginu er heimilt að láta ráðgefandi lækni skoða vátryggðan.

16.4 Félaginu er heimilt að afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar vátryggðs að fengnu samþykki hans.

Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 13. desember 2010.